



**NOTENDALEIÐBEININGAR
FYRIR
INVACARE BANJO EUROPE.**

Trönuhrauni 8
220 Hafnarfjörður
Sími 565 2885 / Fax 565 1423
stod@stod.is / www.stod.is

Almennt

1.1 Almennar upplýsingar

1.2 Lesið notkunarleiðbeiningarnar vandlega.

1.3 Göngugrindina er hægt að nota bæði inni og úti.

1.4 Merkingar.

1.5 Í leiðarvísinum eru neðangreind merki til upplýsinga eða viðvörunar



Aðvörun

Ef leiðbeiningum er ekki fylgt getur það valdið slysum.



Nytsamar upplýsingar og ábendingar varðandi notkun.

1.3 Endingartími

Endingartími vörunnar er um 5 ár miðað við eðlilega notkun og rétt viðhald.

Raunverulegur endingartími getur verið mismunandi, háð notkun og meðhöndlun grindarinnar.

Grindina má eingöngu nota sem hjálpartæki við göngu. Hámarksburðarþyngd er 130 kg.

Ef grindinni er breytt t.d. til aðlögunar, eða ef viðhaldi er ábótavant, tekur Invacare ekki ábyrgð á vörunni.

1: Vörunúmer

2: Nafn

3: Seríunúmer

4: Framleiðsluár


5: Hámarksþyngd notanda

6: Sjá leiðbeiningar

7: Notkun úti og inni

8: Hámarksbreidd

9: Nafn framleiðanda



Dimension	Measurement	Specification Diagram
A	60 cm	<p>Diameter front and rear wheels: 19 cm - Weight: 9 kg</p>
B	71-98 cm	
C	39 cm	
D	39 cm	
E	61 cm	
F	69 cm	

1.5 Reglur um hámarkshæð og þyngd

	Hæð notanda	Hámarksþyngd
Banjo Rollator Model P452E/3	app. 160 - 183 cm	130 kg *
Karfa	n/a	9 kg
Bakki		5 kg
Hilla		7 kg

* Hámarksburðargeta er miðuð við þyngd notanda ásamt innihaldi körfu, bakka eða hillu, burtséð frá hvort notandi stendur eða situr.

2 Öryggisatriði


❗ Við móttöku þarf að yfirfara alla hluta grindarinnar og ganga úr skugga um að hún hafi ekki skemmt í flutningi. Ef um skemmdir er að ræða má ekki nota grindina. Hafið samband við söluaðila.

2.1 Göngugrindin er eingöngu hönnuð sem gönguhjálpartæki og hana má ekki nota til annars


2.2 Almennar varúðarleiðbeiningar



Varúð:
Það má hvorki standa á göngugrindinni né nota hana sem hjólastól.



Sýnið aðgát við notkun í halla.



Það má ekki sitja á göngugrindinni og draga sig áfram með fótunum.

Þegar setið er á grindinni verður hún að vera kyrrstæð og í bremsu.

Ef nota á grindina til stuðnings t.d ef verið er að standa upp úr stól, verður hún alltaf að vera í bremsu.

Látið grindina ekki standa óvarða í sterku sólarljósi.

Ef handföng eða sæti ná að hitna meira er upp í 41°C getur það valdið 1.stigs bruna.

Fullvissið ykkur um að grindin sé í réttri stöðu og öryggisspennan fest áður en þið gangið af stað.

ATH. Grindina má eingöngu nota sem gönguhjálpartæki.

Það má ekki nota grindina í tröppum, stigum eða rúllustigum.

Farangur á að vera í körfu, bakka eða á hillu. Hann á ekki að lafa út fyrir. Ekki hengja veski/poka eða þ.h. á grindina.

Gætið varúðar ef þið eruð með þungan farangur.

Það má ekki snúa handföngunum útávið. Það getur gert grindina óstöðuga.

3 Notkun

3.1 Grindin sett saman.

Stilliklemmur og festingar eru staðsettar utan á rammarörunum.

Áður en grindin er sett saman þarf að fjarlægja plaststykkið milli afturhjóla og plasthlífar af rörum.

3.2 Festið stillihandfangið (A) með boltanum (B). Fullvissið ykkur um að boltinn sé vel fastur. Setjið handföngin í og herðið stillihandfangið. Það á ALLTAF að vísa niður þegar grindin er í notkun.

Þrýstið grindinni niður. Fullvissið ykkur um að öryggislásinn (C) sem er staðsettur til hægri undir sætinu sé læstur.




Varúð
Fullvissið vkkur ALLTAF um að öryggislásinn sé læstur

3.3 Grindin lögð saman

Losið öryggislásinn (D)

Lyftið upp þverslánni (E) undir sætinu. Gætið þess að klemma ykkur ekki.



3.4 Hæðarstilling á handföngum.

Losið stillihandföngin og stillið aksturshandföngin. Þau eru venjulega stillt í úlnliðshæð.

Herðið stillihandföngin þannig að þau vísi niður. (Það er auðvelt að snúa stillihandföngunum með því að draga þau útávið).




Viðvörðun: Fallhætta.

Griphandföngin eiga ALLTAF að vísa beint aftur þegar grindin er í notkun. Það má aldrei snúa þeim útávið. Það getur gert grindina óstöðuga.

Það má aldrei stilla handföngin ofar en hæsta stillilínan segir til um (sjá mynd A)

Handföngin eiga að vera jafn há báðum megin.



3.5 Ásetning körfu og bakka


1. Karfan er hengd á króka undir sætinu
2. Bakkinn er felldur ofan í sætið.

3.6 Stilling á bremsum

Bremsurnar eru stilltar með tveim skrúfum, önnur við bremsuhandfangið A og hin á miðjum bremsukaplinum(B). Bremsuvirknin eykst þegar skrúfurnar eru losaðar og þá þarf ekki eins mikið átak á bremsuhandföngin.




Varúð
Athugið bremsurnar þegar þið eruð búin að hæðarstillast grindina. Herðið stilliskrúfunu.



3.7 Notkun handbremsu/ akstursbremsu

Bremsið með því að toga upp bremsuhandföngin.




3.8 Notkun stöðubremsu

Þrýstið bremsuhandföngunum niður á við. Þegar bremsurnar eru í réttri stöðu heyrir greinilegur smellur.

Þegar grindin er kyrrstæð eiga bremsurnar alltaf að vera læstar.

Dragið upp bremsuhandföngin til þess að losa stöðubremsurnar.



4 Viðhald og brif

Yfirfarið grindina að lágmarki 6. hvern mánuð.

Notið ekki þvottaefni né klúta smeð slípiefnum til þess að þrífa grindina.

Til þess að tryggja virkni og öryggi þarf eftirfarandi reglulegt viðhald.

Þrifið göngugrindina með venjulegum hreinsiefnum. Þurrkið með mjúkum klút. Haldið hjólunum hreinum.

Yfirfarið stillingar, skrúfur og bolta.

EF upp kemur galli, eða grindin skemmist má ekki nota hana.

Ekki reyna að gera við grindina sjálf. Hafið samband við söluaðila

Yfirfarið bremsur. Hafið samband við þjónustuaðila ef þarf að gera við/ stilla bremsurnar

Ef gripgúmí losna má EKKI nota grindina. Hafið samband við þjónustuaðila.

Yfirfarið hjólin reglulega og athugið hvort sé slit eða skemmdir.

Hreinsið burt hár, ló og önnur óhreinindi



Varúð. Slysahætta.

Látið alltaf þjónustuaðila yfirfara grindina áður en nýr notandi fær hana í hendur.

Ef einhverjar skemmdir/gallar finnast MÁ EKKI nota grindina.

6 Ábyrgð

Það er 2 ára ábyrgð á grindinni frá afhendingardegi

Slit á hjólum handföngum og bremsum er ekki bætt.

Skemmdir tilkomnar vegna óeðlilegrar notkunar eða þyngdarálags eru ekki bættar.

Skemmdir tilkomar vegna of mikillar líkamsþyngdar notanda(yfir 130 kg) eru ekki bættar.

Til þess að ábyrgðin gildi þarf að fylgja leiðbeiningum um viðhald.